

HAMPIÐJAN 2021

ÁRSSKÝRSLA



HAMPIÐJAN 2021



HLUTHAFAR

Viðskipti eru með blutabréf Hampiðjunnar á samnorræna blutabréfamarkaðnum Nasdaq First North.

STJÓRN

Stjórn Hampiðjunnar kjörin á aðalfundi 28.maí. 2021:



*Auður Kristín
Árnadóttir*

*Kristján
Lofthsson*

*Vilhjálmur
Vilhjálmsson,
formaður*

*Guðmundur
Ásgeirsson*

*Sigrún
Þorleifsdóttir*

STJÓRNENDUR



*Hjörtur Erlendsson
Forstjóri*



*Emil Viðar Eypórssón
Fjármálastjóri*



*Georg Haney
Umbverfisstjóri*



*Jónas Þór Friðriksson
Veiðarfernaefni
Sölu- og markaðsstjóri*



*Jón Oddur Davíðsson
Framkvæmdastjóri
Hampiðjan Ísland*



*Árni Skúlason
Framleiðslustjóri
Hampiðjan Ísland*



*Davíð Waage
Framkvæmdastjóri
Hampiðjan Offshore*



ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2021

EFNISYFIRLIT

5	Starfsemin
17	Ársreikningur 2021:
18	Skýrsla stjórnar og forstjóra
20	Áritun endurskoðenda
21	Rekstrarreikningur
21	Yfirlit um heildarafkomu
22	Efnahagsreikningur
23	Yfirlit yfir breytingar á eigin fé
24	Sjóðstreymi
25	Skýringar

SKIPURIT SAMSTÆÐU HAMPIÐJUNNAR

Félagsstjórn Hampiðjunnar hf.					
Forstjóri Hjörtur Erlendsson					
MÓÐURFÉLAG			DÓTTURFÉLÖG		
Fjármál Emil Viðar Eypórsson			Hampidjan Baltic Petras Dauksa Litháen 100%		
Umhverfismál Georg Haney			Hampiðjan Ísland Jón Oddur Davíðsson Reykjavík 100%		
Veðarfæraefni Jónas Þór Friðriksson			Hampiðjan Offshore Davið Waage Reykjavík 100%		
EIGNARHALDSFÉLÖG			Hampidjan Australia Þorsteinn Benediktsson Yatala 80%		
Fasteignafélagið Miðhús Jón Einar Marteinnsson Ísland 53%			Hampidjan Canada David Kelly Nýfundnaland 100%		
Hampidjan USA Hjörtur Erlendsson Seattle 100%			Hampidjan New Zealand Karen Culley Nelson 100%		
			Jackson Trawl Stephen Buckhan Peterhead 80%		
			Jackson Offshore Mark Buckhan Peterhead 80%		
			Hampidjan Russia Sergey Karplyuk Kaliningrad 60%		
			Swan Net USA Seamus Melly Seattle 75%		
			Cosmos Trawl Michael Lassen Hirtshals 100%		
			Nordsøtrawl Flemming Ruby Thyborøn 80%		
			Strandby Net Lars Peter Jensen Strandby 80%		
			Swan Net Gundry Paul McCrea Killybegs 64%		
			Costal Cages Martin Carr Ireland 100%		
			Swan Net East Coast Louise O'neill USA 67%		
			SNG Aqua Gary Anderson Hjaltland 100%		
			Von Hjalmar Petersen Fuglafjörður 99%		
			Vónin Hjalmar Petersen Færeyjar 100%		
			Qalut Vónin Cuno Jensen Grænland 75%		
			Vónin Canada Dean Bartlett Kanada 100%		
			Vónin Refa Ronny Moan Noregur 100%		
			Herøy Terminal Ronny Moan Noregur 100%		
			Vónin Lithuania Ruta Solovjova Litháen 100%		
			Vónin Ísland Hjalmar Petersen Ísland 100%		
			Volu Ventis Søren Hjort Danmörk 100%		
HLUTDEILDARFÉLÖG			Voot Vignir Óskarsson Ísland 68%		
Sílnet Hans Jacob Poulsen Klaksvík 45%			Hampidjan TorNet Henning Henningsson Las Palmas 100%		
Bergið P/F Jogvan Thomsen Hvalba 44.4%					



SALA OG AFKOMA

Árið 2021 reyndist gott ár fyrir samstæðu Hampiðjunnar og virtist heimsfaraldurinn hafa haft tiltölulega lítil áhrif á fyrirtæki samstæðunnar þrátt fyrir oft á tíðum erfiðar aðstæður.

Salan jókst um 6,7% og munar þar mestu um góða sölu dótturfélagsins Hampiðjan Ísland eftir dræma sölu árið á undan og undir lok ársins seldist töluvert mikið til íslenskra útgerða þegar ljóst varð að loðnukvótinn yrði sá stærsti í áráðir. Sala annarra dótturfyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi, Voot og Hampiðjan Offshore, jókst einnig ágætlega.

Í öðrum starfslöndum samstæðunnar reyndist salan einnig vera umtalsvert betri en árið á undan og má þar sérstaklega nefna Írland, Skotland, Kanada, Ástralíu, Færeyjar og Noreg. Eins og við var búist þá dróst sala í Danmörku saman eftir metárið 2020 og áhrif Brexit sáust þar

greinilega þótt þau hefðu orðið heldur minni en búist var við.

Góð sala var á fiskeldiskvíum á árinu og svipuð árinu á undan, en vegna þess hversu mikið seldist af dýrum kvíum úr ofurefnum það ár, þá er það mjög ásættanleg niðurstaða. Sala á kvíum og þjónusta við fiskeldið verður sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi Hampiðjunnar og markvisst hefur verið fjárfest undanfarin ár í búnaði, aðstöðu og byggingum til að auka og bæta þjónustuna og er þar ekkert lát á.

Í byrjun árs 2021 var tekinn í notkun nýr og rúmgóður vinnusalur í Norðskála í Færeyjum ásamt stórra 60 m³ þvottavél og endurbættum vatnshreinsibúnaði. Sams konar breytingar og endurbætur voru gerðar í Finnsnes í N-Noregi með stórum vinnusölum og 70 m³ þvottavél en stærri verða þær ekki. Fiskeldiskvíar í Noregi eru umfangsmeiri en þær sem notaðar eru við Ísland og Færeyjar því þær geta verið töluvert dýpri vegna djúpra fjarða í Noregi.

STARFSEMIN

Hér á Íslandi var ráðist í metnaðarfulla byggingu á 1.800 m² aðstöðu fyrir fiskeldisþjónustu á Ísafirði og verður tækjabúnaður allur og fyrirkomulag hans með því besta sem gerist í dag. Fiskeldisþjónustan tekur til starfa á vordögum til að þjóna sívaxandi umsvifum fiskeldisfyrirtækjanna á Vestfjörðum.

Verslunarrekstur hefur ekki verið stór hluti af veltu Hampiðjunnar á Íslandi en það hefur sýnt sig undanfarin ár að þörf er á sérhæfðum verslunum fyrir útgerðarvörur, lyftibúnað og sjóvinnuföt hér á landi. Á árinu var opnuð glæsileg verslun með slíkar vörur í höfuðstöðvum Hampiðjunnar við Skarfabakka og hefur það gefið góða raun. Samtvinning verslunarreksturs við netaverkstæði Hampiðjan Ísland í samstarfi við systurfyrirtækið Voot er hagkvæm og er fyrirhugað að opna slíkar verslanir á öllum starfsstöðvum Hampiðjunnar á Íslandi á þessu ári.



Fiskeldiskvíar frá Vóninni, dótturfélagi Hampiðjunnar í Færeyjum.



Uppsjávarveiðiskipið Börkur að taka troll um borð hjá nýju veiðarfæraverkstæði Hampidjunnar í Neskaupstað.

Í framhaldi af kaupum Hampidjunnar á eignarhlut í skosku félögunum Jackson Trawls Limited og Jackson Offshore var ákveðið að taka yfir verslunarrekstur og þjónustu útgerðar-fyrirtækisins Caley Fisheries í Skotlandi þegar það fyrirtæki ákvað að einbeita sér alfarið að útgerð. Sama gildir þar og hér á Íslandi að slíkur rekstur stendur netaverkstæði nær en útgerðar-fyrirtæki.

Aukin sala samstæðunnar og hlutfallslega meiri innkaup fyrirtækja innan samstæðunnar á efnum til veiðarfæragerðar frá Hampidjan Baltic kallar sífellt á aukna afkastagetu og tækjabúnað af fullkomnustu gerð. Til að mæta þeirri þörf hefur verið fjárfest í meðalstórum kaðlafléttivélum og afar fullkomnu og stóru gufuþrýstítæki til að meðhöndla nylon trollnet. Uppsetningu þess er nú lokið og notkun hafin. Á þessu ári verður afkastagetan í fléttuðu netagarni aukin umtalsvert ásamt framleiðslugetu á möskvaleggjum fyrir flottroll.

Samlegðaráhrif vegna kaupa á fyrirtækjum undanfarin ár hefur skilað sér eins og áætlað var og EBITDA hlutfallið hækkaði úr 17,0% í 17,4%.

Efnahagsreikningurinn hækkaði um tæp 11% á milli ára, úr 246,6 m€ í 273,0 m€ og þar er fyrst og fremst um að ræða fjárfestingar í byggingum og framleiðslutækjum en hluti skrifast á auknar birgðir. Aðgengi að hráefnum hefur verið frekar ótryggt síðastliðið ár og við því hefur verið brugðist með því að hækka viðmið öryggislagera og það leiðir óhjákvæmilega til meiri fjárbindingar.

Starfsmenn Hampidjunnar voru að meðaltali 1.191 á árinu og fjölgði því um 2,8% úr 1.159 árið á undan. Á síðasta ári störfuðu 86 á Íslandi sem er töluverð aukning frá fyrra ári en þá voru störfnir hér á landi 76. Af heildinni eru nú 7% starfa hér á landi. Sem fyrr eru fjölmennustu starfsstöðvarnar í Litháen en þar starfar yfir helmingur starfsmanna samstæðunnar.

Vöruþróun undanfarinna ára með nýja einkaleyfisvarða tóggerð sem ber nafnið TechIce er nú að bera ávöxt og í farvatninu eru fyrstu sölurnar á þessu tógi. Tógið er sérstaklega beygjuþolið og hitaþolið ofurtóg úr kevlarefnum.

Lykiltölur rekstrarreikningsins eru eftirfarandi:

- Rekstrartekjur samstæðunnar voru 172,7 m€ og hækkuðu um 6,7% frá fyrra ári en þá nam salan 161,8 m€.
- EBITDA félagsins hækkaði um 9% á milli ára eða úr 27,5 m€ á árinu 2020 í 30,0 m€ á árinu 2021.
- Hagnaður ársins var 16,9 m€ en var 15,1 m€ á árinu 2020 og nemur hækkun á hagnaði samstæðunnar því um 11,5% á milli ára.
- Heildareignir voru 273,0 m€ og hafa hækkað úr 246,6 m€ frá árslokum 2020.



STARFSEMIN

- Eigið fé nam 144,3 m€, en af þeirri upphæð eru 13,9 m€ hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga.
- Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er meðtalin, var í lok ársins 52,8% af heildareignum samstæðunnar en var 52,3% í árslok 2020.
- Vaxtaberandi skuldir námu í árslok 95,9 m€ samanborið við 90,6 m€ í ársbyrjun.



Hampiðjan innleiddi ISO 14001 umhverfissvottun í september s.l. Helga Björk Loftsdóttir sérfræðingur umhverfismála hjá Hampiðjunni tekur við DNV vottuninni úr hendi Sigurðar M. Harðarssonar eins eiganda iCert.

REKSTUR FÉLAGA SAMSTÆÐUNNAR

Móðurfélagið, Hampiðjan hf.
Starfsemi móðurfélagsins skiptist á árinu 2021 í tvo meginþætti:

- Að hafa yfirumsjón með rekstri samstæðunnar en í samstæðunni eru nú 31 fyrirtæki að meðtöldu móðurfyrirtækinu. Auk móðurfélagsins voru í lok ársins

tuttugu dótturfyrirtæki sem sinna veiðarfæragerð, eitt er framleiðir net, kaðla og ofurtóg í Litháen, fjögur fyrirtæki sem sinna mest endursölu og smásölu, eitt sem sér um hönnun á toghlerum, eitt fyrirtæki í Noregi sem sinnir ferjubjónustu, og að auki þrjú eignarhaldsfélög.

- Að selja vörur Hampidjan Baltic í Litháen til fyrirtækja innan samstæðunnar og utan. Stærsti markaðurinn fyrir

vörur verksmiðjunnar er sjávarútvegur, bæði veiðarfæragerðir og útgerðir, en aðrir markaðir eru vaxandi. Vegur sala á ofurtógi fyrir olíuiðnað þar þýngst ásamt sérhönnuðu ofurtógi á djúpsjávarvindur.



Glæsileg 100 m² verslun með útgerðarvörur, sjóvinnuföt og lyftibúnað opnuð í maí 2021 í húsnæði Hampiðjunnar við Skarfabakka.



Unnið hörðum höndum við viðgerð á loðnunót.



Hampidjan Baltic í Siauliai í Litháen


Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er að fullu í eigu hennar. Það er að uppistöðu til kaðla- og netaverksmiðja sem frá stofnun Hampiðjunnar var til húsa að Stakkholti en var á tíunda áratug

síðustu aldar flutt að Bíldshöfða og að hluta til Pombal í Portúgal. Framleiðslan var síðan sameinuð aftur í Siauliai í Litháen árin 2004 og 2005 og þá með danskri rótgróinni netahnýtingarverksmiðju sem sérhæfði sig í nylonnetum, Utzon, sem var þá nýflutt frá Fredericia á Jótlandi til Litháen.

Fyrirtækið framleiðir trollnet, hnútalaús net fyrir fiskeldi, flot-trollskaðla, ýmsar gerðir annarra kaðla og ofurtóg fyrir dótturfyrirtæki Hampiðjunnar um allan heim en einnig fyrir olíuiðnað, þungalyftur og djúpsjárverkefni.

Ársverkum fækkaði um 9 á árinu


og voru þau 377 en árið á undan voru ársverkin 386.




Swan Net Gundry í Killybegs á Írlandi

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar, sem á nú 64% af hlutafé félagsins. Daglega er félagið nefnt SNG. Það starfar á veiðar-

Rekstrartekjur samstæðu í m€.



Rekstrarhagnaður EBITDA í m€.




færamörkuðum á Írlandi, Skotlandi og á Hjaltlandseyjum. Framsal aflaheimilda er ekki leyft á Írlandi og botnfiskiskipaflotinn er of stór miðað við núverandi aflaheimildir. Aflaheimildir skoskra fiskiskipa er stunda uppsjávarveiðar eru rýmri og afkoma þeirra betri þó skipin séu bara í notkun fáa mánuði á ári. Félagið á tvö dótturfélög í rekstri, Costal Cages sem sinnir fiskeldi og sportnetum á Írlandi og félag á Hjaltlandseyjum sem ber nafnið SNG Aqua og sinnir þjónustu við fiskeldi.

Eftir söluminnkun um 22% árið 2020 vegna Covid-19 þá jókst salan um 13% á árinu þrátt fyrir samdrátt í kvóta Íra vegna Brexit.



Hampiðjan var valið þekkingarfyrirtæki ársins 2021 af FVH félagi viðskipta- og hagfræðinga. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson afhenti Hirti Erlendssyni forstjóra verðlaunin.

Írskar útgerðir hafa vissulega misst spón úr aski sínum vegna tilflutnings á veiðiheimildum til Bretlands en á móti kemur að sala SNG er töluverð til Hjaltlandseyja en þær eyjar tilheyra Bretlandi. Þar er mikil og öflug útgerð og þar rekur SNG netaverkstæði sem byggt var fyrir um fjórum árum og sem þjónustar uppsjávarskipin. Annað sem hamlaði söluaukningu SNG á árinu voru vandamál með afhendingar frá Kína á krabbagildrum en tífoldun á flutningsverðinu gerði þær gildir ósamkeppnisfærar á heimamarkaðinum.



STARFSEMIN

Eftir mikla fækkun starfsmanna úr 81 í 41 vegna Covid-19 þá fjölgaði þeim aftur og meðaltal ársins varð 72.




Cosmos Trawl í Danmörku

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og alfarið í eigu hennar. Það sinnir jöfnum höndum flottrollum, nótum, rækju- og botntrollum ásamt fiskeldi, mest fyrir viðskiptamenn í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Einnig hefur félagið náð góðum árangri í sölu veiðarfæra til Vestur-Afríku og til Austur-Rússlands.


Cosmos rekur nú þrjú eigin netaverkstæði í Danmörku og þau eru í Hirtshals, Skagen, og Hanstholm og tvö til viðbótar eru rekin af dótturfyrirtækjum félagsins. Það eru Nordsøtrawl í Thyborøn og Strandby Net í bænum Strandby sem er á austurströnd Jótlands.

Fjárlíðir og hlutdeildarafkoma samtals í m€.



Hlut-, sölu- og arðstekjur
Reglulegur hagnaður

Hagnaður í m€.






Nýja hátækni nóta- og togveiðiskip Samherja Vilhelm Þorsteinsson EA-11 er með troll frá Hampiðjunni fyrir síld, makríl, kolmunna og loðnu.

Eftir metárið 2020, sem varð söluhæsta ár Cosmos frá byrjun þrátt fyrir Covid og yfirvofandi Brexit, þá dróst salan aðeins saman og varð 4% lægri á árinu.

Áhrif Brexit í Danmörku hefur haft mest áhrif á dótturfyrirtækið Nordsøtrawl í Thyborøn vegna tilfærslu veiðiheimilda til Bretlands. Gert var átak í að bæta upp sölutapið með sókn inn á norska markaðinn og gekk það framár vonum. Hitt dótturfyrirtækið, Strandby Net, er á austurströnd Jótlands og verður ekki fyrir áhrifum af Brexit. Þar jókst salan umtalsvert og þá sérstaklega í vörum sem ekki tengjast fiskveiðum, svo sem öryggisnetum á byggingarstöðum og við uppsetningu á vindmyllum. Danskar stórútgerðir í Hirtshals og Skagen hafa brugðist

við með því að kaupa kvóta þannig að staða sumra þeirra er nú orðin svipuð og jafnvel betri en hún var fyrir Brexit.

Unnin ársverk hjá Cosmos voru 84 talsins og fækkaði þeim um 1 frá árinu áður





Hampiðjan Ísland

Árið 2021 var þriðja starfsár Hampiðjunnar Íslandi en það var

stofnað með sameiningu Fjarðaneta og veiðarfæradeildar Hampiðjunnar í ársbyrjun 2019. Starfsstöðvarnar eru í Neskaupstað, Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum og Reykjavík. Á þeim stöðum sinnir fyrirtækið uppsetningu og viðhaldi allra gerða veiðarfæra ásamt því að reka þjónustu fyrir björgunarbúnað skipa á Ísafirði og Neskaupstað.

Eftir afar góða sölu fyrsta árið dró mjög mikið úr sölnunni annað starfsárið en síðasta ár varð hins vegar það besta til þessa og nam söluaukningin heilum 57%.

Það sem dró sölu niður 2020 snérist algjörlega við á árinu og í stað söluleysis á Rússlandsmarkað seldist meira á þann markað en nokkurn tímann áður. Sölur sem





Lax fangaður með kastnót úr fiskeldiskví.

ekkert varð úr árið áður skiluðu sér að fullu á árinu ásamt umtalsverðri aukningu. Í lok ársins, þegar ljóst varð að veiðiheimildir á loðnuvertíðinni yrðu þær mestu í tvo áratugi, varð mikil eftirspurn eftir loðnuflottrollum og loðnunótum og meiri eftirspurn en hægt var að anna með góðu móti á stuttum tíma með nánast engum fyrirvara.

Afkoma Hampiðjan Ísland var því mun betri en áður og nam hagnaðurinn eftir skatta um 4,5% af veltu félagsins eftir að hafa verið í járnnum árið áður. Íslenski markaðurinn er án efa harðasti samkeppnismarkaður Hampiðjunnar og það verður að gæta þess að afkoman verði að jafnaði þannig að hægt verði að halda uppi góðri þjónustu og tryggja fag-

mönnum í veiðarfærataekni góð kjör til þess að viðhalda fagþekkingunni á því háa stigi sem hún hefur náð á undanförunum áratugum.


Hjá félaginu voru unnin 62 ársverk sem er 8 fleiri en árið áður.



Swan Net USA í Seattle í Bandaríkjunum.

Félagið er dótturfélag eignarhaldsfélagsins Hampiðjan USA,

% Árður sem hlutfall af nafnvirði



STARFSEMIN

sem er í 100% eigu Hampiðjunnar. Það fer nú með 75% eignarhlut á móti framkvæmdastjóra og einum stofnanda fyrirtækisins eftir að Hampiðjan keypti meirihlutann í sumarbyrjun 2014.

Swan Net USA í Seattle hefur verið eitt stærsta netaverkstæði Bandaríkjanna og þjónar það aðallega uppsjávarflotanum sem gerður er út frá Seattle og Dutch Harbor í Alaska.

Starfsstöðvar Swan Net USA eru tvær, höfuðstöðvar í Seattle og þjónustustöð í Dutch Harbor á Aleutian eyjunum nyrst við Kyrrahafið, en eyjaröðin skilur að Kyrrahaf og Beringshaf. Meginstarfsemi félagsins hefur verið sala og viðhald á veiðarfærum útgerða sem veiða alaskaufsa í Beringshafinu.

Eftir besta ár Swan Net USA til þessa, árið 2020, þá varð engu að síður dálítill söluaukning milli ára um 1,2% og var því nýtt sölumet slegið á árinu.

Starfsmannafjöldi Swan Net USA var 30 sem var fjölgun um 2 frá árinu áður.



Hampiðjan Australia í Ástralíu

Fyrirtækið var stofnað í byrjun árs 2015 og síðla það haust var fyrirtækið komið í fullan rekstur. Eignarhlutur Hampiðjunnar er 80%. Á árinu 2020 jókst salan um heil 36% og er sú

aukning í kjölfar mikillar söluaukningar árána áður. Á árinu var bætt um betur og jókst salan um 13% og skilaði fyrirtækið því góðum hagnaði á árinu.

Flutningur í nýtt, stærra og hentugra húsnæði í Yatala suður af Brisbane hefur reynst vel og staðsetningin er góð. Gott pláss er fyrir lager og netaverkstæði en veiðarfæraframleiðsla er mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Einnig er mikið um splæsningu á ofurtógi í umbeðnum lengdum fyrir viðskiptavinum. Töluvert er svo framleitt af minni trollum í Litháen fyrir ástralska markaðinn sem samanstendur mest af minni bátum.

Starfsmenn í árslok voru 9 og var því starfsmannafjöldinn óbreyttur á milli ára.

Hampidjan New Zealand í Nelson á Nýja-Sjálandi

Félagið er dótturfélag Hampidjunnar og er alfarið í eigu þess. Það er söluaðili á vörum Hampidjunnar á Nýja-Sjálandi og samhliða starfsstöð í Nelson rekur það netaverkstæði í



Venus og Vikingur að undirbúa loðnuveiðar við höfuðstöðvar Hampidjunnar.

Timaru sem sér um veiðarfæraþjónustu, m.a. fyrir Sanford Seafood, eitt af þremur stóru sjávarútvegsfélögunum á Nýja-Sjálandi.

Árið var að mörgu leyti mótdrægt Hampidjan New Zealand og eftir söluaukningu árið áður dró úr sölunni um tæp 11%. Það kom aðallega til vegna harðra aðgerða á Nýja-Sjálandi vegna Covid sem hindruðu eðlilega sölustarfsemi og sölustörf voru ekki eins virk og árin á undan. Hagnaður varð engu að síður af starfseminni þótt hann væri minni en árið á undan.

Unnin ársverk voru 15 talsins og fækkaði þeim um eitt á milli ára.



Hampidjan Canada á austurströnd Kanada.

Félagið er 100% dótturfélag Hampidjunnar. Það er staðsett rétt utan við St. Johns á Nýfundnalandi. Meginstarfsemi þess er uppsetning og þjónusta við veiðarfæri minni rækjubáta ásamt sölu á ofurtógi og öðrum vörum Hampidjunnar.

Á árinu 2018 var ráðist í kaup á samkeppnisaðilanum North Atlantic Marine Service and Supplies (NAMSS) og við það bættust þrjár starfsstöðvar í Kanada. Ein við Halifax á Nova Scotia, önnur í St. Johns sem er höfuðborg Nýfundnaland og sú þriðja nýrst á Nýfundnalandi og sem þjónar einnig Labrador. Um áramótin 2018/2019 voru



Videy að taka móti vörum frá Hampidjunni á Skarfabakkanum.




STARFSEMIN

félögin síðan sameinuð undir merkjum Hampidjan Canada.

Sala Hampidjan Canada nær þrefaldaðist með kaupunum og hefur aukist ár frá ári síðan og var árið ekki undanteking frá því heldur varð afar góð söluaukning um 26% og er félagið nú komið í þá stöðu sem stefnt var að þegar ráðist var í að stækka félagið með kaupum á NAMSS.

Hagnaðurinn hefur farið vaxandi undanfarin ár og byggist hann aðallega á þeirri hagræðingu sem hefur átt sér stað smátt og smátt eftir kaupun á NAMMS og söluaukningu undanfarinna ára.

Unnin ársverk voru 32 og fjölgaði þeim um tvö á árinu.



Von samstæðan í Færeyjum.

P/f Von er móðurfélag þriggja félaga, Vónin í Færeyjum, Vónin Refa í Noregi og Vónin Lithuania. Enginn rekstur er í móðurfélaginu og er það því eingöngu eignarhaldsfélag.

Vónin hefur um árabil stundað framleiðslu og þróun á veiðarfærum og fiskeldisbúnaði fyrir færeyska markaðinn og starfrækir nú þrjár starfsstöðvar í Færeyjum; Þórshöfn, Norðskála og Fuglafirði. Vónin á grænlenka fyrirtækið Qalut Vónin sem rekur síðan fjögur netaverkstæði á



Finnur Friði keypti nýlega þriðja settið af 2 x 2300 m af 38 mm Dynlce togtaugum frá Hampidjunni. Togtaugarnar hafa reynst afar vel við uppsjávarveiðarnar og haft að meðaltali 7 ára endingartíma.

Grænlandi; í Nuuk, Sisimiut, Aasiaat og Ilulissat.

Vónin á einnig kanadíska fyrirtækið, Vónin Canada, sem starfrækir netaverkstæði í Port-de-Grave á Nýfundnalandi. Stutt þar frá, í Spaniards Bay, er eitt netaverkstæði Hampidjan Canada.

Vónin Refa er norskt félag sem rekur fjórar starfsstöðvar; í Tromsø, Finnsnes, Svolvær og Alta. Meginframleiðsla Vónin Refa er tengd fiskeldi en veiðarfæraframleiðsla er einnig töluverður hluti af starfsemiinni.

Frá því að Hampidjan eignaðist Von árið 2016 hefur verið stutt ötullega við uppbyggingu fyrirtækisins og á þessum rúmu 5 árum síðan kaupin gengu í gegn þá hefur mikið breyst.

Vónin Lithuania er sameinað netaverkstæði Hampidjan Baltic og Vónarinnar í Siauliai í Litháen og þar fer fram framleiðsla á fiskeldiskvíum og trollhlutum fyrir fyrirtæki innan samstæðu Hampidjunnar. Við kaupin á Von var netaverkstæðið 4.000 m² en á árinu 2017

var það stækkað um 6.000 m² og er því nú 10.000 m² og afskaplega vel tækjum búíð. Þetta er væntanlega stærsta netaverkstæði Evrópu og þótt víðar væri leitað. Starfsmönnum fjölgaði í 232 á árinu. Öll starfsmannaaðstaða er miðuð við 250 starfsmenn svo enn er hægt að auka afköstin frá því sem nú er með fjölgun starfsmanna.

Nýjar og myndarlegar höfuðstöðvar Vónin í Færeyjum ásamt stóru netaverkstæði og lager voru byggðar í Fuglafirði, nýlokið er tvöföldun fiskeldisþjónustunnar í Norðskála og endurbyggingu á netaverkstæði Qalut Vónin í Sisimiut í Grænlandi. Í N-Noregi hjá Vónin Refa er verið að leggja lokahönd á nýja og fullkomna viðgerðaraðstöðu og litun á fiskeldiskvíum og sú aðstaða verður tekin í notkun í vor. Er því öll aðstaða Von samstæðunnar að verða eins og best verður á kosið.

Rekstur Von gekk afar vel á síðasta ári og rekstrartekjur jukust um 4,5% milli ára og árið varð enn og aftur besta rekstrarár Vónarinnar frá



Krossavík á Reykjanesi var hreinsuð af Hampiðjunni, Bláa hernum og Seeds þann 11. september 2021.

stofnun. EBITDA hækkaði á milli ára úr 12,5 m€ í 12,7 m€. Ársverkin voru 447 talsins en 448 árið áður og fækkaði þeim því um 1 á árinu.

Voot á Íslandi

Fyrirtækið er eitt öflugasta íslenska fyrirtækið á sviði beitusölu ásamt línuveiði-útbúnaði og sjóvinnufötum. Einn helsti vaxtarbroddur Voot eru sjóvinnuföt sem seld eru undir vörumerkinu MarWear. Unnið er að því að nýta dreifileiðir og þekkingu fyrirtækja innan samstæðu Hampiðjunnar og hefur töluvert áunnist. Lengst er markaðssetningin komin á Nýfundnalandi og Nova Scotia en þar eru alls komnir 32 útsölustaðir fyrir vörur MarWear. Höfuðstöðvar Voot eru nú í byggingu Hampiðjunnar við Skarfabakka og lager fyrirtækisins, að undanskildri beitunni sem er geymd í frystiklefum víða um land, er í lagerhúsnæði Hampiðjunnar og vörur afgreiddar þaðan.

Sala Voot jókst um rúm 5% á

árinu og framlegðin um sama hlutfall en hærri fastur kostnaður varð til þess að hagnaður lækkaði frá árinu áður.

Starfsmenn Voot eru nú 10 og fjölgaði um 3 á árinu.

Hampidjan TorNet á Kanarí

Sumarið 2018 keypti Hampiðjan spænska netaverkstæðið TorNet LP í Las Palmas á Gran Canaria. Meginmarkaður fyrirtækisins er á vesturströnd Afríku í Dahkla sem tilheyrir V-Sahara sem er undir stjórn Marokkó. Þar er umtalsverð útgerð flottrollsskipa. Fyrir utan að þjónusta útgerðarfyrirtæki í Afríku þá selur fyrirtækið töluvert til útgerða í Las Palmas.

Nafni Tor-Net var breytt í Hampidjan TorNet eftir kaupin og hefur sú breyting mælst vel fyrir hjá viðskiptamönnum fyrirtækisins sem geta nú tengt fyrirtækið við Hampiðjuna sem þeir þekkja af góðri afspurn. Kaupin hafa haft í för með sér töluverða samlegð þar sem Hampiðjan seldi mikið af vörum

til veiðarfæragerðar á Kanaríeyjum og er sú sala nú á höndum Hampidjan TorNet. Með eigið netaverkstæði ásamt annarri vörusölu er hægt að veita útgerðarfélögunum á þessu svæði mun betri þjónustu en nú er. Salan stóð nánast í stað á milli ára en hagnaður jókst hins vegar töluvert vegna hagræðingaraðgerða.

Starfsmenn voru 9 í lok ársins sem er sami fjöldi og árið áður.

Jackson Trawl og Jackson Offshore


Í byrjun 2020 var gengið frá samkomulagi um kaup á 80% hlut í skosku félögunum Jackson Trawl Limited og Jackson Offshore Supply Limited í Peterhead í Skotlandi og komu bæði félögin að fullu inn í samstæðuuppgjörið fyrir 2020.

Jackson Trawl er leiðandi í sölu veiðarfæra á Bretlandseyjum og Jackson Offshore selur einkum kaðla, lyftistroffur og járnvöru til olíuiðnaðarins í Skotlandi.


Töluverð samlegðaráhrif eru af kaupunum fyrir Hampiðjuna og sem eru þegar komin fram að hluta og munu koma enn frekar fram á þessu ári og þeim næstu. Viðskiptavinir beggja félaganna í Skotlandi njóta góðs af kaupum Hampiðjunnar því með þeim fá félögin aðgang að tækniþekkingu og vörum Hampiðjunnar í veiðarfærum og sérútbúnum vörum fyrir olíuiðnaðinn.

Með þessum kaupum hefur Hampiðjan styrkt stöðu sína enn frekar við N-Atlantshaf sem er

Starfsmannafjöldi



Hlutfall rekstrartekna utan Íslands





Lykilstarfsmenn Hampiðjan Baltic í vinnu- og fundarferð.

mikilvægasti markaður samstæðunnar. Innan landhelgi Stóra-Bretlands eru auðug fiskimið þar sem verðmætustu tegundirnar eru makrill, kolmunni og sandsíli en skip frá Evrópubandalaginu hafa veitt meirihluta aflans undanfarin ár. Nýgerðir samningar um Brexit færa Bretlandi um 185 milljónir evra aflaverðmæti á næstu 6 árum samkvæmt úttekt Danmarks Fiskeriforening. Af því koma um 20 milljónir frá Danmörku og 38 milljónir frá Írlandi.

Eins og minnst var á hér framar var ákveðið að kaupa rekstur netaverkstæða og verslana Caley Fisheries í Peterhead og Fraserburgh og leggja þann rekstur inn í Jackson Trawl og hefur það komið vel út á þeim mánuðum sem liðnir eru frá kaupunum.

Rekstur fyrirtækjanna tveggja gekk vel á árinu og söluaukning varð tæp 11%.

Starfsmannafjöldinn var 30 á árinu og fjölgaði um 8 starfsmenn úr 22 árið áður.

Hlutdeildarfélagið Sílnet

Hampiðjan keypti haustið 2014 ásamt útgerðarfélaginu Varðin í Syðri Götu í Færeyjum 90% hlut í netaverkstæðinu Sílnet í Klaksvík á Borðey og skiptist hluturinn jafnt í tvo 45% hluti. Samhliða kaupunum þá var

hlutafé félagsins aukið umtalsvert til að gera því kleift að kaupa hentuga byggingu og þann tækjabúnað sem þarf á netaverkstæðið til að sinna viðhaldi á flottrollum og nótum.

Sílnet var stofnað fyrir rúmum 15 árum og var netaverkstæðið lengst af starfrækt í Götu. Það er nú í stórrí og myndarlegri 1.900 m² og 85 metra langri byggingu við höfnina í Klaksvík þar sem er hægt að þjónusta og setja upp botntroll, flottroll og nætur.

Hlutdeild í hagnaði fyrir-tækisins var 62 þús.€.

HLUTHAFAMÁL

Alls voru 144 viðskipti með hlutabréf Hampiðjunnar á First North hlutabréfamarkaðnum á árinu 2021 og þau námu 7,6 milljónum króna að nafnvirði og veltan var um 748 milljónir. Vegið meðaltal viðskiptanna var 98,02 árinu. Gengi nafnvirðis í viðskiptum á árinu var 84,0 í ársbyrjun en hækkaði umtalsvert á árinu í 116,0 eða um 38%.

Að teknu tilliti til útgreidds arðs og verðbólgu á sl. ári var raunávöxtun hlutabréfa Hampiðjunnar á árinu jákvæð um 32,8%

Fjöldi hluthafa í lok ársins voru 299 og er það fjölgun um 57 hluthafa frá byrjun ársins en þá voru hluthafar alls 242.



Kap að taka inn vír úr vírastrekkítæki Hampiðjunnar.

ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2021

LAGÐUR FRAM Á AÐALFUNDI 25. MARS 2022

FYRIR STARFSÁRIÐ

1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2021

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga. Dótturfélögin, sem öll eru hlutafélög, eru Hampidjan New Zealand á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry á Írlandi, Cosmos Trawl í Danmörku, Von í Færeyjum, Hampidjan Canada í Kanada, Hampidjan Baltic í Litháen, Hampidjan Australia í Ástralíu, Hampiðjan TorNet á Spáni, Hampiðjan Russia í Rússlandi, Jackson Trawl og Jackson Offshore í Skotlandi, Hampiðjan Ísland á Íslandi, Hampiðjan Offshore á Íslandi, Voot á Íslandi og Fasteignafélagið Miðhús á Íslandi.

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. (félagið) og dótturfélaga þess (samstæðan).

Rekstur og fjárhagsleg staða 2021

Félagið vann áfram í því að sækja þá samlegð sem til staðar er í samstæðunni. Fjárfest var í fullkomnu gufuprýstítæki til að meðhöndla nylonnet til að auka gæði og afkastagetu.

Félagið hóf á árinu uppbyggingu á nýju fullkomnu netaverkstæði ásamt aðstöðu til þjónustu við fiskeldi á Ísafirði. Aðstaða þar verður með fullkomasta móti til að mæta þörfum og kröfum félaga í fiskeldi á Íslandi með stórrí þvottavél fyrir fiskeldiskvílar ásamt fullkomnu vatnshreinsibúnaði og aðstöðu fyrir litun og þurrkun á fiskeldiskvíum.

Á árinu var aðstaða til þjónustu við fiskeldi í Noregi aukin til muna með stækkun og endurbótum á húsnæði Vónin Refa í Finnsnesi en aðstaða þar er nú með allra fullkomnasta móti.

Jackson Trawl keypti rekstur á tveimur verslunum með útgerðarvörur í Skotlandi frá Caley Fisheries í Peterhead og Fraserburgh. Kaupin styðja við rekstur félagsins þar og getur félagið veitt viðskiptavinum sínum betri þjónustu með breiðara vöruframboði.

Á vormánuðum opnaði ný og glæsileg verslun Hampiðjunnar og Voot í höfuðstöðvum Hampiðjunnar við Skarfabakka 4. Með opnun verslunarinnar eykst þjónusta við viðskiptamenn á svæðinu ásamt því að vöruframboðið verður sýnilegra.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 172,7 milljónir evra en árið áður voru rekstrartekjur 161,8 milljónir evra. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 1.191, en voru 1.159 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 46,1 milljónum evra, þar af voru 5 milljónir evra launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 16,9 milljónir evra, en árið áður var hagnaður 15,1 milljónir evra. Heildareignir samstæðunnar voru 273 milljón evrur í árslok og eigið fé var 144,3 milljónir evra en af þeirri upphæð eru 13,9 milljónir evra hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaganna, Von í Færeyjum, Swan Net Gundry á Írlandi, Jackson Trawl og Jackson Offshore Supply á Skotlandi, Voot á Íslandi, Hampiðjunni Ástralíu, dótturfélaga Von í Færeyjum, dótturfélags Cosmos Trawl í Danmörku og dótturfélags Hampidjan USA í Bandaríkjunum. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 53% í árslok.

Vegna rekstrar ársins 2021 leggur stjórn Hampiðjunnar til að á árinu 2022 verði greiddur 1,8 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár til hluthafa að upphæð kr. 900 milljónir. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

COVID-19 áhrif á rekstur ársins

Covid-19 veirufaraldurinn hefur haft og mun hafa veruleg áhrif á efnahagslíf allra þeirra landa þar sem félög í samstæðu Hampiðjunnar stunda viðskipti. Hjá félögum samstæðunnar var gripið til viðeigandi aðgerða til að halda starfseminni gangandi með tilliti til smithættu meðal starfsmanna og viðskiptavina, í samræmi við reglur og leiðbeiningar á hverjum stað.

Á árinu 2020 drógust tekjur saman vegna heimsfaraldursins en ekki voru merki um það á árinu 2021. Starfsemi félaga innan samstæðunnar gekk vel og hafði faraldurinn takmörkuð áhrif á daglegan rekstur þeirra.

Atburðir eftir reikningsskiladag - stríðið í Úkraínu

Félög innan samstæðunnar hafa selt veiðarfæri til útgerða í Rússlandi. Ekki er um að ræða verulegan hluta af veltu samstæðunnar og áhrifin á starfsemi samstæðunnar því takmörkuð.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Hlutfé og samþykktir

Útgefið hlutfé Hampiðjunnar er kr. 500 milljónir í lok ársins, en félagið á eigin hluti að upphæð kr. 10,4 milljónir. Hlutféð er í einum flokki sem er skráð á First North, hliðarmarkað Nasdaq OMX Nordic Exchange. Fjöldi hluthafa í félaginu var 299 í árslok og í byrjun ársins var fjöldi hluthafa 242. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Hluthafi	31.12.2021		31.12.2020	
	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%
Hvalur hf	225.885	46,14%	225.885	46,14%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	47.842	9,77%	47.842	9,77%
Lífswerk lífeyrissjóður	21.989	4,49%	19.789	4,04%
Festa - lífeyrissjóður	17.876	3,65%	17.376	3,55%
Ingibjörg Björnsdóttir	17.274	3,53%	17.274	3,53%
Hlér ehf	16.029	3,27%	15.529	3,17%
Sigríður Vilhjálmsdóttir	13.269	2,71%	19.269	3,94%
Rannveig Sigurgeirsdóttir	12.114	2,47%	0	
Vátryggingarfélag Íslands hf.	11.677	2,39%	11.255	2,30%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	10.662	2,18%	10.662	2,18%
D.b. Sigurgeirs B. Guðmannssonar	0		12.750	2,60%
	394.617	80,60%	397.630	81,22%
Aðrir hluthafar	94.946	19,40%	91.933	18,78%
Útistandandi hlutfé	489.563	100,00%	489.563	100,00%
Eigin hlutir	10.437		10.437	
Útgefið hlutfé	500.000		500.000	

Stjórnunarhættir

Stjórn Hampiðjunnar hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarskög, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórnfélagsins er þrír karlmenn (60%) og tveir kvenmenn (40%).

Stjórn ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt innra eftirlit. Fjármálasvið Hampiðjunnar gerir reikningsskil fyrir samstæðuna í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Ytri endurskoðendur kanna hálfársuppgjör og endurskoða ársuppgjör samstæðunnar. Fjallað er um fjárhagslega áhættu samstæðunnar í skýringu 3.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif Hampiðjunnar í tengslum við umhverfismál, félagsmál og starfsmannamál sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingamálum eru birtar í viðauka.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Hampiðjunnar hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2021 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2021. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunar, stöðu í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikning samstæðunnar.

Reykjavík 10. mars 2022

Vilhjálmur Vilhjálmsson
stjórnarformaður

Hjörtur Erlendsson
forstjóri

Kristján Loftsson
Stjórnarmaður

Auður Kristín Árnadóttir
Stjórnarmaður

Guðmundur Ásgeirsson
Stjórnarmaður

Sigrún Þorleifsdóttir
Stjórnarmaður

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hampiðjunnar og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu áhandbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
 - Rekstrarreikning og yfirlit yfir aðra heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
 - Yfirlit yfir eigið fé fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.
 - Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar, skýring 23 og viðauki eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar, sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings samstæðunnar

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliði okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliði okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhættan af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum áliði. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á áliði okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU

	Skýringar	2021	2020
Sala		172.719	161.835
Beinn framleiðslukostnaður		(119.428)	(113.984)
Framlegð		53.291	47.851
Rekstrarkostnaður	7	(30.202)	(26.401)
Rekstrarhagnaður		23.089	21.450
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8	(2.373)	(2.583)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagum	13	100	77
		(2.273)	(2.506)
Hagnaður fyrir skatta		20.816	18.944
Tekjuskattur	9	(3.949)	(3.822)
Hagnaður ársins		16.867	15.122
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		15.137	13.338
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		1.730	1.784
		16.867	15.122
EBITDA		29.983	27.495
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)	10	3,45	3,09

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU SAMSTÆÐU

	2021	2020
Hagnaður ársins	16.867	15.122
Rekstrarliðir færðir á eigið fé		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga	1.735	(1.373)
Matsbreyting fjárfestingareigna	1.888	0
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélagum	(76)	3
Heildarafkoma ársins	20.414	13.752
Skipting heildarafkomu		
Hluti hluthafa móðurfélagsins	18.326	12.400
Hluti minnihluta	2.088	1.352
Heildarafkoma ársins	20.414	13.752

EEFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU

Eignir	Skýringar	2021	2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	100.270	92.436
Óefnislegar eignir	12	47.438	45.875
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	13	1.163	1.139
Fjárfestingareignir	14	2.278	386
Skuldabréf og langtímakröfur		96	109
Tekjuskattsinneign	19	0	29
		<u>151.245</u>	<u>139.974</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	15	72.888	63.630
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	34.104	25.486
Handbært fé	17	14.805	17.531
		<u>121.797</u>	<u>106.647</u>
Eignir samtals		<u>273.042</u>	<u>246.621</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé og yfirverðsreikningur		6.455	6.455
Aðrir varasjóðir	24	400	(901)
Matsbreyting fjárfestingareigna		1.888	0
Annað bundið eigið fé		45.626	35.988
Óráðstafað eigið fé		76.052	74.720
		<u>130.421</u>	<u>116.262</u>
Hlutdeild minnihluta		13.870	12.673
Eigið fé samtals		<u>144.291</u>	<u>128.935</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	18	78.977	72.830
Tekjuskattsskuldbinding	19	5.673	5.025
		<u>84.650</u>	<u>77.855</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	24.668	20.021
Ógreiddir skattar		2.517	2.007
Skuldir við lánastofnanir	18	16.916	17.803
		<u>44.101</u>	<u>39.831</u>
Skuldir samtals		<u>128.751</u>	<u>117.686</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>273.042</u>	<u>246.621</u>

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ SAMSTÆÐU

	Hlutfé og yfir- verðsreikn.	Aðrir vara- sjóðir	Matsbr. fjárf. eigna	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hlud. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2020	6.455	37	0	28.515	72.342	12.018	119.367
Breyting v. innleiðingar IFRS 16				36			36
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma ársins 2020 eftir skatta		(938)			13.338	1.352	13.752
Minnihluti, breyting						503	503
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				7.437	(7.437)		0
	0	(938)	0	7.437	5.901	1.855	14.255
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda	0	0	0	0	(3.523)	(1.200)	(4.723)
	0	0	0	0	(3.523)	(1.200)	(4.723)
Staða 31. desember 2020 / 1. janúar 2021	6.455	(901)	0	35.988	74.720	12.673	128.935
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma ársins 2021 eftir skatta		1.301	1.888	0	15.137	2.088	20.414
Minnihluti, breyting						(80)	(80)
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				9.638	(9.638)		0
	0	1.301	1.888	9.638	5.499	2.008	20.334
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda	0	0	0	0	(4.167)	(811)	(4.978)
	0	0	0	0	(4.167)	(811)	(4.978)
Staða 31. desember 2021	6.455	400	1.888	45.626	76.052	13.870	144.291

Innborgað hlutfé er samtals 6.455 þúsund evrur og greinist þannig að innborgað nafnverð er 5.498 þúsund evrur og innborgað yfirverð er 957 þúsund evrur. Fjöldi hluta eru 500 milljónir, hvert að nafnverði 1. kr, óbreytt frá 31/12 2020. Allt hlutfé er greitt. Félagið átti eigin hluti í árslok að nafnverði 10,4 millj. kr (31/12 2020: 10,4 millj. kr.).

Matsbreyting fjárfestingareigna

Fjárfestingareignir eru færðar á markaðsvirði m.v. matsdag í efnahagsreikningi, liggi það fyrir. Liggi markaðsvirði ekki fyrir þá er notast við kostnaðarverð að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga og hlutdeildarfélaga umfram því sem nemur móttæknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐU

	Skýringar	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		23.089	21.450
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		6.894	6.045
EBITDA		<u>29.983</u>	<u>27.495</u>
Sölutap (-hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna		(671)	(129)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(9.569)	(2.543)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>19.743</u>	<u>24.823</u>
Innborgaðir vextir.....		608	590
Innborgaður arður.....		76	21
Greiddir vextir.....		(3.379)	(3.714)
Greiddir skattar.....		(2.976)	(2.991)
Handbært fé frá rekstri		<u>14.072</u>	<u>18.729</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(11.464)	(7.912)
Kaup og sala óefnislegra eigna		(2.009)	(248)
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu handbæru fé		0	(5.663)
Fjárfesting og sala í öðrum félögum		(3)	18
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		<u>(13.476)</u>	<u>(13.805)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		2	569
Tekin ný langtímalán		5.369	14.961
Afborganir langtímalána		(4.151)	(7.712)
Arður greiddur til hluthafa		(4.167)	(3.523)
Arður greiddur til minnihluta		(811)	(1.200)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		<u>(3.758)</u>	<u>3.095</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(3.162)	8.019
Handbært fé í byrjun árs.....	17	17.531	10.085
Gengismunur vegna handbærs fjár.....		436	(573)
Handbært fé í lok ársins	17	<u><u>14.805</u></u>	<u><u>17.531</u></u>

SKÝRINGAR

SKÝRINGAR

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi að Skarfagörðum 4, Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Nasdaq OMX Nordic Exchange.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 10. mars 2022.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknaðar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Nánar er greint frá þeim aðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

a) Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkunar sem tóku gildi 1. janúar 2021 og hafa áhrif á ársreikninginn

Engir nýir reikningsskilastaðlar voru tóku gildi á árinu 2021. Samstæðan innleiddi nokkrar breytingar á eldri stöðlum, en þær breytingar hafa ekki áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

b) Innleiðing staðla fyrir gildistöktutíma þeirra.

Samstæðan innleiddi enga staðla fyrir gildistöktutíma þeirra á árinu 2021.

2.2 Samstæðureikningsskil**a) Dótturfélög**

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfírráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfírráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgæringa og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og áætlaður óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfsþáttaskýrslur

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu en aðrir rekstrarstarfsþættir samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fimm rekstrarþætti.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félag samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok ársins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi ársins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, netaverkstæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-10 ár
Fasteignir	25-67 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	5-20 ár
Hugbúnaður	2-7 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að fráðregnum kostnaði við sölu og bókfærðs verðs seldra eigna á söluðegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekins dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum einkaleyfum er tengjast framleiðsluvörum samstæðunnar. Einkaleyfin eru færð á kaupverði eða áætluðu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverði þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Eignarhlutir í öðrum félögum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru flokkaðir sem fjárfestingareignir. Fjárfestingareignir eru færðar á markaðsvirði m.v. matsdag í efnahagsreikningi, liggi það fyrir. Liggi markaðsvirði ekki fyrir þá er notast við kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverði vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverði er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverði að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum auk þess sem áætlað tap á líftíma kröfunnar er fært við upphaflega skráningu hennar. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og gildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútfærir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútfærir er hvers kyns endurgjald sem móttekið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði en við síðara mat á afskrifuðuð kostnaðarverði. Lántökukostnaður sem telst hluti af vöxtum lánsins er færður á lánstíma með aðferð virkra vaxta en annar lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lán eru flokkuð meðal skammtímaskulda ef þau gjaldfalla innan 12 mánaða annars eru þau flokkuð meðal langtímaskulda.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf ákvörðun um greiðslu að liggja fyrir áður en reikningsskilin eru gefin út.

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádrögnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Samstæðan framleiðir og selur úrval af vörum í smásölu og heildsölu. Tekjur af sölu eru færðar þegar yfirráð yfir vörunum hefur verið flutt til kaupenda, sem er þegar vörurnar hafa verið afhentar. Afhending fer fram þegar kaupandi hefur tekið við vörunum, áhættan á úreltingu og tapi hefur verið flutt til hans og annaðhvort hefur kaupandi samþykkt vörurnar í samræmi við sölusamninginn, staðfestingarákvæði hafa liðið eða samstæðan hefur hlutlægar vísbendingar um að öll skilyrði fyrir viðurkenningu hafi verið fullnægt. Greiðslur fyrir sölu á vöru og þjónustu eru samkvæmt venjulegum viðskiptaskilmálum.

Samstæðan selur þjónustu sem felst í gerð nýrra veiðarfæra og viðgerðum á eldri veiðarfærum. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar þegar kaupandi þjónustunnar hefur fengið tekið við nýjum eða viðgerðum veiðarfærum.

(b) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerninga sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Samstæðan er leigutaki. Það er með fáeina lóðaleigusamninga sem eru færðir í samræmi við staðal um leigusamninga. Fjárhæðir vegna þessara leigusamninga, kaupleiga og rekstrarleiga, eru óverulegar hjá félaginu.

2.20 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjárahættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2021 voru engar umtalsverðar ábyrgðir í gildi.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2021 og 2020. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörssdegi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2021	2020
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	34.104	25.486
Handbært fé	14.805	17.531
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	48.909	43.017

b) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur.

Staða 31. desember 2021

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur	95.893	114.479	20.295	8.998	22.988	62.198
Viðskiptaskuldir	27.185	27.185	27.185	0	0	0
	123.078	141.664	47.480	8.998	22.988	62.198

c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna eigna, skulda og viðskipta í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru danskar krónur (DKK), evrur (EUR), norsk króna (NOK), bandarískur dollari (USD), sterlingspund (GBP) og íslenskar krónur (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru ISK, GBP, NOK og USD.

Samstæðan metur það sem svo að til að hafa áhrif á afkomu samstæðunnar þyrfti verulegar gengissveiflur. Rekstur Hampiðjunnar á Íslandi, bæði tekjur og gjöld, eru að einhverju leyti í íslenskum krónum, en gengisáhrif jafnast að verulegu leyti út. Hjá Hampiðjunni hf. eru það fjárfestingar í dótturfélögum sem skapa gengisáhættu, gengismunur af þeim er færður undir eigið fé, sjá eiginfjárfirlit.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum. Hækkun á vöxtum á uppgjörsdegi um eitt prósentustig á árinu 2021 hefði lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um 959 þúsund evrur. Árið 2020 hefði lækkunin orðið 906 þúsund evrur. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

3.1 Áhættustýring eiginfjár

Samstæðan stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eigendum sínum arð.

Félagið getur breytt arðgreiðslustefnu, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun samstæðunnar og eiginfjárlutfall (fjárhæðir í þúsundum evra):

	2021	2020
Lántökur, langtíma	78.977	72.830
Lántökur, skammtíma	16.916	17.803
Frádregið: Handbært fé	(14.805)	(17.531)
Skuldir nettó	81.088	73.102
Eigið fé	144.291	128.935
Fjármögnun samtals	225.379	202.037
Eiginfjárlutfall	52,8%	52,3%

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Farið er yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem tengjast reikningshaldslegu mati má meðal annars finna í skýringu 12 um virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar samstæðunnar. Aðrir helstu matskenndir liðir reikningsskilanna er mat á líftíma eigna, sjá skýringu 2.5, mat á niðurfærslu viðskiptakrafna, sjá skýringu 3 og 16, og mat á niðurfærslu birgða, sjá skýringu 15.

5. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Samstæðan skiptist í fimm starfspætti eftir félögum innan samstæðunnar:

- Starfspáttur 1.** Starfsemi Hampiðjunnar sem er veiðarfæragerð, endursala og fjárfestingar. Starfsemi Hampiðjan Baltic í Litháen, sem er verksmiðjuframleiðsla á netum, köðlum og ofurtógi.
- Starfspáttur 2.** Starfsemi veiðarfærafélagana í Swan Net Gundry á Írlandi og tengdra félaga ásamt Jackson Trawls og Jackson Offshore Supply í Skotlandi.
- Starfspáttur 3.** Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélaganna Nordsötrawl og Strandby Net.
- Starfspáttur 4.** Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampiðjan New Zealand, Hampiðjan Canada, Hampiðjan USA og dótturfélagsins Swan net USA, Hampiðjan Australia, Hampiðjan Ísland, Voot, Fasteignafélagsins Miðhúsa, Hampiðjan TorNet og Hampiðjan Offshore.
- Starfspáttur 5.** Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vónin, Vónin Lithuania, Vónin Canada, Vónin Ísland og Volu Ventis.

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
2021							
Rekstrartekjur	42.478	22.409	17.886	65.270	71.791	(47.115)	172.719
Beinn framl.kostn	(35.401)	(16.384)	(13.270)	(48.944)	(50.810)	45.381	(119.428)
	7.077	6.025	4.616	16.326	20.981		53.291
Rekstrarkostnaður	(5.420)	(3.487)	(2.529)	(9.755)	(10.746)	1.735	(30.202)
Rekstrarhagnaður	1.657	2.538	2.087	6.571	10.235		23.089
Sem hlutfall af rekstrartekjum	4%	11%	12%	10%	14%		13%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(1.226)	37	(75)	(627)	(482)		(2.373)
Hlutdeildarafkoma	62	0	0	0	38		100
Tekjuskattur	42	(717)	(406)	(945)	(1.923)		(3.949)
Hagnaður ársins	535	1.858	1.606	4.999	7.868		16.867
Afskriftir fastafjármuna	1.819	533	622	1.435	2.485		6.894
Kaup/sala fastafjármuna	(5.933)	1.337	22	(1.457)	(7.442)		(13.473)
EBITDA	3.478	3.070	2.709	8.006	12.720		29.983

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
2020							
Rekstrartekjur	43.207	19.194	18.951	51.931	68.583	(40.031)	161.835
Beinn framl.kostn	(36.640)	(13.641)	(14.166)	(40.220)	(48.609)	39.292	(113.984)
	6.567	5.553	4.785	11.711	19.974		47.851
Rekstrarkostnaður	(5.376)	(3.004)	(2.119)	(7.013)	(9.629)	740	(26.401)
Rekstrarhagnaður	1.191	2.549	2.666	4.698	10.345		21.450
Sem hlutfall af rekstrartekjum	3%	13%	14%	9%	15%		13%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(1.614)	(67)	(142)	(295)	(465)		(2.583)
Hlutdeildarafkoma	38	0	0	0	39		77
Tekjuskattur	(75)	(396)	(521)	(632)	(2.198)		(3.822)
Hagnaður ársins	(460)	2.086	2.003	3.771	7.721		15.122
Afskriftir fastafjármuna	1.454	526	608	1.303	2.154		6.045
Kaup/s. fastafjármuna	(2.760)	(202)	(135)	(977)	(4.086)		(8.160)
EBITDA	2.649	3.074	3.274	6.000	12.498		27.495

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
2021							
Fastafjármunir	57.308	13.802	9.476	20.031	67.402	(16.774)	151.245
Veltufjármunir	24.048	17.605	8.983	43.145	43.403	(15.387)	121.797
Langtímaskuldir	65.752	757	3.743	16.758	14.414	(16.774)	84.650
Skammtímaskuldir	12.668	3.223	3.582	18.877	20.860	(15.109)	44.101
2020							
Fastafjármunir	50.401	15.041	10.094	18.386	61.867	(15.815)	139.974
Veltufjármunir	26.466	14.318	9.007	35.308	38.023	(16.475)	106.647
Langtímaskuldir	63.725	839	3.809	14.014	11.283	(15.815)	77.855
Skammtímaskuldir	13.093	2.451	5.005	17.156	18.601	(16.475)	39.831

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál	2021	2020
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	41.114	38.198
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	4.973	4.501
	<u>46.087</u>	<u>42.699</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	1.191	1.159

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi	2021	2020
Framleiðslukostnaður	31.056	29.638
Annar rekstrarkostnaður	15.031	13.061
	<u>46.087</u>	<u>42.699</u>

7. Rekstrarkostnaður

	2021	2020
Keyptar vörur og þjónusta	12.614	11.291
Laun og launatengd gjöld	15.031	13.061
Afskrifaðar viðskiptakröfur	257	51
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	2.300	1.998
	<u>30.202</u>	<u>26.401</u>

Þóknun endurskoðenda fyrir endurskoðun ársreikninga var 249 þús. evrur (2020: 240 þús. evrur) og þóknun fyrir könnun árs hlutareikninga og aðra þjónustu var 167 þús. evrur (2020: 216 þús. evrur).

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2021	2020
Vaxtatekjur	232	618
Vaxtagjöld	(3.328)	(3.298)
Gengismunur	598	38
Fenginn arður	125	59
	<u>(2.373)</u>	<u>(2.583)</u>

9. Tekjuskattur

	2021	2020
Tekjuskattur til greiðslu	3.314	3.488
Frestaður tekjuskattur (Skýring 19)	635	334
	<u>3.949</u>	<u>3.822</u>

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

Hagnaður fyrir skatta, skv. rekstrarreikningi	20.816	18.944
Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	4.136	3.651
Óskattskyldar tekjur, söluhagnaður fjárfestingareigna og hagnaður hlutdeildarfélagi	(45)	(27)
Varanlegir mismunir	(142)	198
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>3.949</u>	<u>3.822</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vegnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2021	2020
Hagnaður á árinu (þúsundir evra)	16.867	15.122
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	489.563	489.563
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent)	3,45	3,09

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 10,4 milljón, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á árinu.

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2020			
Kostnaðarverð	81.238	45.202	126.440
Uppsafnaðar afskriftir	(16.297)	(22.169)	(38.466)
Bókfært verð	64.941	23.033	87.974
Hreyfingar árið 2020			
Bókfært verð í byrjun árs 2020	64.941	23.033	87.974
IFRS 16	10	11	21
Gengismunir	(493)	(704)	(1.197)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	1.109	215	1.324
Viðbætur	5.616	4.882	10.498
Selt og aflagt	(283)	(122)	(405)
Afskriftir	(2.509)	(3.270)	(5.779)
Bókfært verð í lok árs 2020	68.391	24.045	92.436
Staða 1. janúar 2021			
Kostnaðarverð	86.949	49.494	136.443
Uppsafnaðar afskriftir	(18.558)	(25.449)	(44.007)
Bókfært verð	68.391	24.045	92.436
Hreyfingar árið 2021			
Bókfært verð í byrjun árs 2021	68.391	24.045	92.436
Gengismunir	1.291	(81)	1.210
Viðbætur	10.449	7.846	18.295
Selt og aflagt	(4.986)	(177)	(5.163)
Afskriftir	(2.734)	(3.774)	(6.508)
Bókfært verð í lok árs 2021	72.411	27.859	100.270
Staða 31. desember 2021			
Kostnaðarverð	94.065	55.327	149.392
Uppsafnaðar afskriftir	(21.654)	(27.468)	(49.122)
Bókfært verð í lok árs 2021	72.411	27.859	100.270

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2021	2020
Framleiðslukostnaður	4.438	3.931
Annar rekstrarkostnaður	2.070	1.848
	6.508	5.779

Af varanlegum rekstrarfjármunum eru um 9,4 milljónir evra vegna leigueigna sem eru tilkomnar vegna IFRS 16. Gjaldfærðar afskriftir af leigueignum í rekstrarreikningi eru 1,3 milljónir evra.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

12. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hug- búnaður	Samtals
Staða 1. janúar 2020				
Kostnaðarverð	41.532	2.782	1.625	45.939
Uppsafnaðar afskriftir	(348)	(2.593)	(708)	(3.649)
Bókfært verð	41.184	189	917	42.290
Hreyfingar árið 2020				
Bókfært verð í byrjun árs 2020	41.184	189	917	42.290
Gengismunir	(48)	0	0	(48)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	3.651	0	0	3.651
Viðbætur	0	0	248	248
Afskriftir	0	(95)	(171)	(266)
Bókfært verð í lok árs 2020	44.787	94	994	45.875
Staða 1. janúar 2021				
Kostnaðarverð	45.137	2.782	1.718	49.637
Uppsafnaðar afskriftir	(350)	(2.688)	(724)	(3.762)
Bókfært verð	44.787	94	994	45.875
Hreyfingar árið 2021				
Bókfært verð í byrjun árs 2021	44.787	94	994	45.875
Gengismunir	(60)	0	0	(60)
Viðbætur	996	0	1.013	2.009
Afskriftir	0	(22)	(364)	(386)
Bókfært verð í lok árs 2021	45.723	72	1.643	47.438
Staða 31. desember 2021				
Kostnaðarverð	46.073	1.114	3.157	50.344
Uppsafnaðar afskriftir	(350)	(1.042)	(1.514)	(2.906)
Bókfært verð í lok árs 2021	45.723	72	1.643	47.438
Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:				
			2021	2020
Framleiðslukostnaður			157	116
Annar rekstrarkostnaður			229	150
			386	266

Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýrnun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 5 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir 2,5% nafnverðsvefni á fjárflæði í eilífðarvefni. Gerð er 7,1 - 10,9% vegin nafnverðskrafa á fjárflæði. Um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Áfvöxtunarstuðlarnir endurspeglar sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnunartaps á árunum 2021 og 2020.

13. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagum

Hampiðjan á 45% hlut í hlutdeildarfélaginu Sp/f Silnet í Færeyjum. Jafnframt á dótturfélagið P/F Von 44% eignarhlut í P/F Trolverkstaðið Bergið.

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
Sp/f Silnet	45,00%	62	766
P/F Trolverkstaðið Bergið	44,40%	38	397
		<u>100</u>	<u>1.163</u>

14. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir greinast þannig: **2021** **2020**

Hampiðjan á hlutabréf að nafnverði kr. 3 milljónir í Síldarvinnslunni hf. Virði þessara hlutabréfa er fært upp í markaðsvirði í ársreikningnum vegna þess að hlutabréf Síldarvinnslunnar hf. voru á árinu 2021 skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar, Nasdaq Iceland. Aðrar fjárfestingareignir eru færðar á upphaflegu kaupverði.

Síldarvinnslan hf	2.063	175
Önnur félög	215	211
	<u>2.278</u>	<u>386</u>

15. Birgðir

Birgðir greinast þannig: **2021** **2020**

Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	67.728	59.165
Vörur í vinnslu	2.076	2.358
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	3.084	2.107
	<u>72.888</u>	<u>63.630</u>

Birgðir eru færðar niður vegna aldurs um 1,2 milljón evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar. Árið áður voru birgðir færðar niður um 1,3 milljón evrur.

16. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig: **2021** **2020**

Viðskiptakröfur	31.315	22.361
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(968)	(747)
Viðskiptakröfur nettó í lok árs	30.347	21.614
Skuldabréf og aðrar kröfur	3.853	3.981
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í lok árs	34.200	25.595
Þar af langtímakröfur	(96)	(109)
	<u>34.104</u>	<u>25.486</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 968 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2021	2020
Niðurfærsla í byrjun árs	747	736
Niðurfærsla viðskiptakrafna frá keyptu dótturfélagi	0	3
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(36)	(43)
Breyting niðurfærslu á árinu	257	51
	<u>968</u>	<u>747</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

17. Handbært fé

	2021	2020
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	14.805	17.531
	<u>14.805</u>	<u>17.531</u>

18. Lántökur

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:	2021 Hlutfall	2021 Staða	2020 Hlutfall	2020 Staða
ISK	0,0%	19	0,1%	91
EUR	77,4%	65.860	80,0%	64.116
USD	1,1%	945	1,8%	1.420
AUS	1,5%	1.264	1,7%	1.375
NZD	2,0%	1.706	1,0%	769
DKK	9,0%	7.623	10,1%	8.075
NOK	5,2%	4.455	5,4%	4.294
GBP	3,8%	3.265	0,0%	0
	<u>100%</u>	<u>85.137</u>	<u>100%</u>	<u>80.140</u>

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í lok ársins samkvæmt lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

	2021	2020
Árið 2022 / 2021	6.160	7.310
Árið 2023 / 2022	6.711	6.984
Árið 2024 / 2023	6.049	7.280
Árið 2025 / 2024	5.230	4.996
Síðar	60.987	53.570
	<u>85.137</u>	<u>80.140</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Langtímaskuldir:	2021	2020
Vaxtaberandi langtímaskuldir	75.337	72.817
Leiguskuldbinding, IFRS 16	9.800	7.323
Næsta árs afborganir	(6.160)	(7.310)
	<u>78.977</u>	<u>72.830</u>
Skammtímaskuldir:		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	6.160	7.310
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	10.756	10.493
	<u>16.916</u>	<u>17.803</u>

19. Frestaður tekjuskattur

Frestuð tekjuskattsskuldbinding nettó greinist þannig á eftirfarandi liði:	2021	2020
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	4.996	4.479
Frestuð tekjuskattsinnæign v. innleiðingar IFRS 16	0	198
Tekjuskattur á árinu	3.949	3.822
Tekjuskattur til greiðslu	(3.314)	(3.488)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	42	(15)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>5.673</u>	<u>4.996</u>

Frestuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	2021	2020
Varanlegir rekstrarfjármunir	6.327	5.455
Aðrir efnahagsliðir	(30)	206
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(624)	(636)
	<u>5.673</u>	<u>5.025</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Frestuð tekjuskattsinnæign greinist þannig á eftirfarandi liði:

	2021	2020
Ýmsir efnahagsliðir	0	(110)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	139
	<u>0</u>	<u>29</u>
	5.673	4.996

Samstæðan á yfirfæranlegt skattalegt tap sem nýtist á móti skattalegum hagnaði hennar. Yfirfæranlega skattalega tapið er 624 þúsund evrur, sem skiptist þannig: 141 þúsund evrur nýtast til ársins 2027, 173 þúsund evrur nýtast til ársins 2028, 31 þúsund evrur nýtast til ársins 2029 og 279 þúsund evrur nýtast til ársins 2030.

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2021	2020
Viðskiptaskuldir	23.444	17.699
Aðrar skammtímaskuldir	1.224	2.322
	<u>24.668</u>	<u>20.021</u>

21. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélög, hluthafar með veruleg áhrif, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Viðskipti milli samstæðufélaga eru felld niður við gerð samstæðureiknings

Viðskipti við tengda aðila:

Viðskipti samstæðunnar við hluthafa og aðra tengda aðila voru eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða.

Viðskipti við stjórnendur:

Laun og hlunnindi til 21 stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félag í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Fjöldi hluta í árslok*
Forstjóri, greidd föst laun og hlunnindi.....	325	
Tuttugu og einn framkvæmdastjóri: Greidd föst laun og hlunnindi.....	2.738	200
Greiddir árangurstengdir bónusar til stjórnenda.....	<u>739</u>	
Samtals	3.803	
Greidd stjórnarlaun og hlutafjáreign stjórnarmanna Hampiðjunnar hf.....	126	248.378

*Með eignarhlutum að ofan eru taldir eignarhlutir fjárhagslega tengdra aðila. Hlutir eru að nafnverði í þúsundum IKR.

22. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 52 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 114 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti framleiðsluvéla og -tækja, hug- og skrifstofubúnaðar og vörubirgða nemur 138 milljónum evra.

23. Árshelmingayfirlit*

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

	júlí - des. 2021	jan.-jún. 2021	júlí - des. 2020	jan.-jún. 2020	júlí - des. 2019	jan.-jún. 2019
Rekstrartekjur	85.152	87.567	81.184	80.651	76.515	85.311
Rekstrargjöld án afskrifta	(70.909)	(71.827)	(67.711)	(66.629)	(64.421)	(73.373)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	14.243	15.740	13.473	14.022	12.094	11.938
Afskriftir	(3.434)	(3.460)	(2.892)	(3.153)	(2.604)	(2.715)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	10.809	12.280	10.581	10.869	9.490	9.223
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.198)	(1.075)	(1.378)	(1.128)	(1.066)	(1.232)
Hagnaður fyrir skatta	9.611	11.205	9.203	9.741	8.424	7.991
Tekjuskattur	(1.719)	(2.230)	(2.027)	(1.795)	(1.400)	(1.626)
Hagnaður árshelminga	7.892	8.975	7.176	7.946	7.024	6.365

*Fjárhæðir í árshelmingayfirlitum eru óendurskoðaðar

24. Aðrir varasjóðir

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Samtals
Staða 1. janúar 2020	1.384	(1.347)	37
Þýðingarmunur ársins		(938)	(938)
Staða 31. desember 2020	1.384	(2.285)	(901)
Staða 1. janúar 2021	1.384	(2.285)	(901)
Þýðingarmunur ársins		1.301	1.301
Staða 31. desember 2021	1.384	(984)	400

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunar sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri móðurfélagsins.

25. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Veiðarfæraefnisfrl.	100%	
Hampidjan Australia Ltd	Ástralía	Veiðarfæragerð	80%	20%
Hampidjan New Zealand Ltd	Nýja Sjáland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Canada Ltd	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Eignarhaldsfélag	75%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	75%	25%
Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Nordsötrawl, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Swan Net Gundry Ltd (SNG)	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Costal Cages (Cliabhain Costa Teoranta), dótturf. SNG	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Swan Net East Coast Services, dótturfélag SNG	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	64%	36%
SNG Aqua, dótturfélag SNG	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Hampiðjan Ísland ehf	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampiðjan Russia Ltd	Rússland	Sölufélag	60%	40%
Voot ehf.	Ísland	Sölufélag	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf	Ísland	Fasteignafélag	53%	47%
Hampidjan TorNet SA	Spánn	Veiðarfæragerð	100%	
P/F Von	Færeyjar	Eignarhaldsfélag	99%	1%
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von	Færeyjar	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin	Grænland	Veiðarfæragerð	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Volu Ventis ApS, dótturfélag P/F Vónin	Danmörk	Vöruþróun	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von	Litháen	Veiðarfæragerð	100%	
Jackson Trawls Ltd	Skotland	Veiðarfæragerð	80%	20%
Jackson Offshore Supply Ltd	Skotland	Sölufélag	80%	20%
Hampiðjan Offshore ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok tímabilsins er 13,9 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,5 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Hampidjan USA, Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Hampidjan Australia, Voot ehf, Fasteignafélaginu Miðhús ehf., Jackson Trawls Ltd og Jackson Offshore Supply Ltd.

Swan Net Gundry Ltd á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 4 um starfspætti, starfspáttur 2.

VIÐAUKI
ÓFJÁRHAGSLEGAR
UPPLÝSINGAR
(ÓENDURSKOÐAÐ)

Um Hampiðjuna

Hampiðjan er hlutafélag sem stofnað var vorið 1934. Meginstarfsemi Hampiðju samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum ásamt vörum og þjónustu fyrir fiskeldisfyrirtæki.

Hampiðjan var meðal 5 fyrstu fyrirtækjanna sem fengu hlutabréf sín skráð hjá nýstofnuðum Hlutabréfamarkaði hf. í nóvember árið 1985. Félagið fór síðan á Verðbréfaþing Íslands árið 1992 sem síðar varð Nasdaq OMX og á First North árið 2007.

Hampiðjan framleiðir efni, kaðla og net, fyrir veiðarfæri í verksmiðju sinni í Litháen og selur þau síðan til annarra fyrirtækja innan samstæðunnar. Þau selja síðan þær vörur ásamt öðrum vörum, keyptum af þriðja aðila, til fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi, bæði sem fullbúin veiðarfæri og sem íhluti í veiðarfæri og kvíar fyrir fiskeldi. Einnig framleiðir Hampiðjan vörur fyrir olíuiðnað, djúpsjávarverkefni og stroffur fyrir þungalyftur.

Umhverfismál

Stjórn og stjórnendur leggja mikla áherslu á umhverfismál í gegnum bæði daglegan rekstur sem og í rannsóknar- og þróunarvinnu. Stöðugt er unnið að því að hanna veiðarfæri og íhluti í veiðarfæri sem bæði eru léttari í tógi og minnka þannig eldsneytiseyðslu um borð í skipunum ásamt því að fara betur með botninn á veiðislóðum.

Hampiðjan leggur mikla áherslu á flokkun og endurvinnslu. Allur úrgangur er flokkaður og það sem hægt er að endurvinna er sent í endurvinnslu. Á árinu 2021 fékk Hampiðjan ISO vottun frá Det Norske Veritas, ISO 14001, sem er alþjóðlegur staðall fyrir umhverfisstjórnunarkerfi, fyrir starfsemi sína á Íslandi. Staðallinn nær yfir stefnumótun, markmiðasetningu, framkvæmd og eftirlit allra umhverfisþátta félagsins.

Hampiðjan vinnur með viðskiptavinum sínum að endurvinnslu á notuðum veiðarfærum meðal annars með því að hluta eldri veiðarfæri í sundur og skilja að þau efni sem hægt er að endurvinna og koma þeim í endurvinnslu en það sem ekki er hægt að endurvinna er urðað.

Hampidjan Baltic, dótturfélag Hampiðjunnar í Litháen og meginframleiðslueining samstæðunnar, vinnur einnig ötullega að umhverfismálum og hefur einnig hlotið ISO vottun frá Det Norske Veritas, ISO 14001. Innan Hampidjan Baltic er eigin endurvinnsla á plastefnum sem rýrna í framleiðsluferlinu ásamt því að samskonar efni sem falla til hjá fyrirtækum samstæðunnar eru flutt til fyrirtækisins til endurvinnslu.

Hampiðjan hf. hefur sett sér umhverfisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Unnið er að innleiða stefnuna hjá öllum dótturfélögum samstæðunnar.

Hampiðjan er einn af aðal stuðningsaðilum Bláa Hersins sem eru umhverfisverndarsamtök sem leggja áherslu á baráttuna við plastmengun í hafinu með hreinsunarstörfum, hvatningu og vitundarvakningu.

Samfélagsleg ábyrgð

Á hverju sumri síðast liðin þrjú ár hafa starfsmenn Hampiðjunnar og fjölskyldur þeirra tekið einn dag til að hreinsa strendur landsins ásamt umhverfissamtökunum Bláa hernum. Afrakstur þessara hreinsunardaga er væntanlega á milli 7 til 8 tonn af ýmsum úrgangi sem komið hefur verið í endurvinnslu eða urðun eftir því sem við á.

Hampiðjan er aðili að Festu sem er miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrirtækja, stofnana og hverskyns skipulagsheilda.

Hampiðjan er einnig styrktaraðili ýmissa samfélagslegra verkefna á þeim svæðum sem félagið er með starfsemi.

Hampiðjan hefur ekki sett sér stefnu um veitingu styrkja til samfélagslegra mála en styrktarbeiðnir eru skoðaðar og til þeirra tekin afstaða þegar þær berast.

Starfsmannamál, mannauður og öryggismál

Hampiðjan leggur áherslu á að félagið hafi á að skipa hæfu og heiðarlegu starfsfólki og að starfsfólki sé gefin sem best starfsskilyrði til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið hverju sinni. Hampiðjan leggur áherslu á að skapa starfsfólki sínu jöfn tækifæri og að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs eða uppruna. Hampiðjan vill í störfum sínum stuðla að því að reynsla og hæfileikar starfsfólks komi félaginu, starfsmönnum og samfélaginu til ávinnings.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum, þremur körlum og tveimur konum.

Starfsmannamál, mannauður og öryggismál frh.

Félagið hefur lokið vinnu í tengslum við uppsetningu á jafnlaunakerfi fyrir Hampiðjuna hf. og Hampiðjuna Ísland ehf. Kerfið hefur verið tekið út af vottunaraðilum og hlotið vottun í samræmi við þau lög sem gilda um jafnlaunavottun.

Hampidjan Baltic, sem er aðalframleiðslufyrirtæki samstæðunnar og með flesta starfsmenn dótturfyrirtækjanna er með Det Norske Veritas vottað stjórnkerfi fyrir heilsu og öryggi samkvæmt staðlinum OHSAS ISO 18001.

Mannréttindi, siðferði, spilling og mútumál

Hampiðjan virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagaþrengis og kjarasamninga. Hampiðjan leggur áherslu á að undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar sína starfsmenn.

Hampiðjan leggur áherslu á heiðarleg vinnubrögð og að unnið sé gegn hvers kyns spillingu.

Félagið hefur sett sér stefnu varðandi þessi málefni sem er samþykkt af stjórn félagsins. Vinna er að hefjast við að innleiða þau viðmið sem stjórn félagsins hefur samþykkt hjá öllum félögum innan samstæðunnar í takt við lög og reglur í þeim löndum sem félögin starfa í.